

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag frístundalóða úr landi Bildsfells 3, landi E.*
Í deiliskipulaginu felst að á 13 ha svæði er gert ráð fyrir tveimur lóðum þar sem heimilt verður að reisa allt að 250 m² frístundahús og 60 m² aukahús á hvorri lóð. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,03. Mesta hæð mænis frístundahúss er 6 m miðað við hæð jarðvegs og hámarks mænishæð gestahúss/geymslu er 5 m.
Samþykkt í sveitarstjórn 7. júlí 2010.
2. *Breyting á deiliskipulagi við Borgarbraut 20 og 32 á Borg í Grímsnesi.*
Í breytingunni felst að lóð nr. 20 við Borgarbraut stækkar um 300 m² en lóð nr. 32 minnkar um 300 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 20. maí 2010.
3. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Heiðarbrúnar úr landi Bjarnastaða I.*
Í breytingunni felst að heimilt verður að reisa allt að 400 m² frístundahús í stað 100 m² og 40 m² aukahús í stað 25 m² geymslu, svefnhúss eða gróðurhúss.
Samþykkt í sveitarstjórn 7. júlí 2010.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 15. nóvember 2010.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.